



1. fundur stjórnar Aftureldingar 1. apríl 2012

Fundur settur kl. 16 að heimili formanns, Bollatanga 6.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Gylfi Gíslason, Helga Jóhannesdóttir og Hekla Klemenzdóttir. Kristín Reynisdóttir hafði boðað forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Staða á skuld opinberra gjalda.
3. Uppgjör við fyrrv. framkvæmdastjóra.
4. Staða á skuld við Bílaleigu AK.
5. Skrifstofa Aftureldingar.
6. Önnur mál.

1. Verkaskipting stjórnar. Stjórn skipti þannig með sér verkum: Anna Sigríður Guðnadóttir verður ritari, Hekla Klemenzdóttir verður gjaldkeri, Helga Jóhannesdóttir tekur að sér varaformennsku, Ásmundur Pálsson verður meðstjórnandi. Eins og venja hefur verið verða varamenn boðaðir á alla stjórnarfundi. Umræða varð um starfslýsingu framkvæmdastjóra og ákveðið að taka umræðu um starfslýsingu framkvæmdastjóra Aftureldingar til endurskoðunar sem og verkaskiptingu innan stjórnar.

2. Staða opinberra gjalda. Farið var yfir stöðu mála varðandi vangoldin opinber gjöld. Ákveðið að fyrir næsta aðalstjórnarfundi liggi fyrir nákvæmt yfirlit yfir skuldir deilda við aðalstjórn og skuldir aðalstjórnar við lífeyrissóði.

3. Uppgjör við fyrrv. framkvæmdastjóra. Farið var yfir bráðabirgðasamkomulag vegna uppgjors við fyrrverandi framkvæmdastjóra. Aðalstjórn samþykkir ekki það samkomulag og mun vinna málið frekar.

4. Skuld við Bílaleigu Akureyrar. Upplýst að skuld við Bílaleigu Akureyrar er 2,5 milljónir. Formaður og framkvæmdastjóri munu funda með fulltrúum fyrirtækisins á þriðjudag um uppgjör skuldarinnar fyrir hönd þeirra deilda sem um ræðir.

5. Skrifstofa Aftureldingar. Umræða um skipulag vinnutíma og vinnufrið starfsmanna á skrifstofu Aftureldingar. Ákveðið að skrifstofan verði opin eftir hádegi virka daga og svarað í síma á sama tíma. Starfsfólk skrifstofu útfærir skipulagið nánar.

6. Önnur mál.

Ákveðið að aðalstjórn hafi fasta fundartíma, aðra hvora viku. Ákveðið að funda á fimmtudögum klukkan 18. Næsti fundur verði fimmtudag 12. apríl.

Húsnæðismál. Guðjón kynnti stöðu mála varðandi nýja stálgrindarhúsið. Fundað verður með bardagadeildum og fimleikadeild eftir páska.

Rætt um að aðalstjórn standi fyrir skyndihjálparnámskeiði fyrir allt starfsfólk deilda félagsins. Stefnt er að því að halda námskeið í apríl.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:40

Næsti fundur verður haldinn 12. apríl

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar